

Jafnréttisáætlun Brekkuborgar



Í lögum um leikskóla <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html> er sérstaklega kveðið á um að starfshættir leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Jafnréttisáætlun Brekkuborgar byggir á ofanverðum gildum og er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008 og gildir fyrir börn, starfsmenn og foreldra. Auk þess er Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar í öllu starfi leikskólans. <https://reykjavik.is/manrettindastefna-reykjavikurborgar>



Að auki mun leikskólinn í samræmi við 22. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir með daglegu eftirliti og samræðum við börnin til að koma í veg fyrir að börn verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni og ofbeldi í leikskólanum.



Öllum verður gert ljóst, starfsmönnum og börnum að slík hegðun er ekki liðin. Þá mun leikskólinn fræða börnin um kynbundna og kynferðislega áreitni í samræmi við aldur þeirra í daglegu starfi og leik. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna leikskólans. Börnum skal ætíð vera ljóst hvert þeir geta leitað innan leikskólans komi slíkt upp. Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun er fyrsta skrefið að ræða við leikskólastjóra sem ber að tilkynna gruninn til barnaverndar. Slík mál eru tilkynnt í nafni leikskólans en ekki einstakra starfsmanna.



Viðbrögð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi starfsfólks hér Brekkuborg, skal styðjast við: Reglugerð nr: Nr. 1009 11/ 2015 http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/B_nr_1009_2015.pdf og sömuleiðis ef starfsmaður tilkynnir að brotið hafi verið á sér.



Jafnréttisáætlun Brekkuborgar sem og Viðbragðsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna eineltis meðal starfsmanna: https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun_vegna_eineltis_medal_starfsmanna_a_skola-og_fristundasvidi_25_10_2

skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu leikskólans og í Starfsmannahandbók Brekkuborgar.



Matsteymi Brekkuborgar skipa leikskólastjóri og deildarstjórar. Matsteymið ber ábyrgð á því að Jafnréttisáætlun Brekkuborgar sé framfylgt.

Framkvæmdaáætlun Jafnréttisáætlunar Brekkuborgar 2019 – 2022

- Starfsfólk	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
	Efla umræðu um mannréttindi og jafnréttismál meðal starfsfólks.	Mannréttindastefna Reykjavíkur kynnt og rædd, grunnur að jafnréttisstefnu Brekkuborgar lagður. Rætt um lagalegar skilgreiningar á hvað telst ofbeldi og áreiti. Þjóða upp á námskeið eða fyrirlestur um jafnréttismál fyrir starfsfólk	Leikskólastjóri	Endurskoðað og rætt á skipulagsdegi á vorönn. Fræðsla fyrir starfsfólk annað hvert ár.
	Forðast skal að ýta undir staðalímyndir s.s kyn, litarhátt, trúarbrögð barna o.fl. Vinna markvisst að því að brjóta upp staðalímyndir.	Starfsfólk rýni leikefni deildanna og bókakost með tilliti til staðalímynda, fjölmenningar og jafnréttis kynjanna. Hvetja börnin til að fara út fyrir þægindarammann og efla nýja færni. Nýta í starfinu ljósmyndir sem brjóta upp staðalímyndir.	Deildarstjórar	Endurskoðað og rætt árlega á skipulagsdegi að hausti.
	Konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu störf. Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í leikskólastarfinu.	Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum við Reykjavíkurborg og engir sérsamningar eru gerðir við starfsmenn sem hafa áhrif á kjör þeirra. Þess er gætt að mismuna ekki fólki ef eftirvinna er í boði. Starfsfólk óháð kyni, gangi í þau verk sem vinna þarf hverju sinni.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Í daglegu starfi og við skipulagningu starfsins.
	Brekkuborg leitast við eins og kostur er að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Hvetja og gefa starfsfólki kost á að sækja sér sí- og endurmenntunar innan vinnutíma þess.	Stjórnendur gæta þess að veita starfsfólki, jafnt konum sem körlum svigrúm og sveigjanleika til að samræma sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Gert er ráð fyrir að báðir foreldrar sinni veikindum eigin barna.	Leikskólastjóri og deildarstjórar ásamt öllu starfsfólki.	Í daglegu starfi og við skipulagningu starfsins.

Leitast skal við að fjölga körlum í starfi á Brekkuborg til að jafna kynjahlutfall starfsfólks. Laus störf standa bæði konum og körlum til boða.	Í starfauglýsingum fyrir leikskóla hvetur Reykjavíkurborg karla sérstaklega til að sækja um.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Í daglegu starfi og við úrvinnslu umsækjenda.
Að tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum. Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir í kynbundnu ofbeldi og/eða kynbundni kynferðislegri áreitni.	Starfsfólki er boðið upp á fræðslu um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Alltaf skal taka strax á óæskilegri hegðun starfsfólks í hverri mynd sem hún birtist. Starfsmanni ber að tilkynna brot, óæskilega hegðun, áreiti eða ofbeldi til leikskólastjóra.	Stjórnendur og fyrirlesarar	Fræðsla annað hvert ár að hausti á nýju leikskólaári.
- Kennslutæki og búnaður Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Leikskólinn skal búin fjölbreyttu leikefni og búnaði sem ýtir ekki undir staðalímyndir. Öll kennslutæki og leikföng þurfa að hvetja til jafnræðis og jafnréttis barna.	Geeta að jafnrétti kynja, kynþátta og fötlunar í leikefni barna og kennslutækja. Einnig skal stuðla að jafnrétti kynja í frjálsum leik barna úti og inni. Unnið er eftir jafnréttisáætlun Brekkuborgar og þemum/fræðslu. Starfsfólk tali ókynbundið til barnanna,- nota t.d. frekar orðin börn/krakkar í stað strákar/stelpur.	Allt starfsfólk leikskólans	Endurskoðað og rætt árlega í október.
- Börnin Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Börnin eiga rétt á að móta reglur og siði leikskólans og hafa þannig áhrif á starfið. Gera sömu kröfur til stráka og stelpna. Stuðla að samleik og vináttu milli barna. Forðast staðalímyndir í bókum og/eða söngtextum.	Við endurmat á atburðum, uppákomum, leikjum og sérstökum viðburðum eiga raddir barna að koma fram. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum, hópastarfi og öðru starfi - Stuðla að því að strákar og stelpur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum.	Leikskólastjóri aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar og annað starfsfólk	

<p>Efla börnin í að öll störf/ leikir eru í boði fyrir alla, óháð kyni.</p> <p>Grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni með reglulegu eftirliti.</p> <p>Börnin skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.</p> <p>Með eftirliti og fræðslu skal þess gætt að börn upplifi ekki kynferðislega áreitni og/eða ofbeldi í leikskólanum.</p> <p>Hafa skal í huga að ekki eru öll börn búin að samsama sjálfsmynd sína sem strákar eða stelpu.</p>	<p>Starfsfólk les bækur með börnunum sem leggja áherslu á fjölbreytileikann og taka spjall um margbreytileika fólks. Samstæðuspil frá Jafnréttisskólanum verður notað til að efla umræður um kynjaðar staðalmyndir. Börnin vinna staðalmyndaverkefni með klippimyndum.</p> <p>Allt starfsfólk lesi og þekki bæklinginn „Kynferðisleg hegðun barna, hvað er viðeigandi“ frá Barnahúsi og grípi til viðeigandi aðgerða ef börn sýna óæskilega hegðun. Fylgst skal með samskiptum barnanna og þeim kenndur munur á vinsamlegri og óvinsamlegri snertingu ásamt fræðslu um einkastaðina.</p> <p>Pegar fjallað er um samfélagsmál og í daglegu tali er mikilvægt að huga að orðræðu starfsmanna og barna og velta upp öllum álit málum. Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að skoða ólíka vinnustaði og ræða jafnrétti í víðum skilningi. Að skapa umræður meðal barnanna um verkaskiptingu á heimilum og vinnustöðum.</p> <p>Allt starfsfólk lesi og þekki bæklinginn „Kynferðisleg hegðun barna, hvað er viðeigandi“ frá Barnahúsi og grípi til viðeigandi aðgerða ef börn sýna óæskilega hegðun. Fylgst skal með samskiptum barnanna og þeim kenndur munur á vinsamlegri og óvinsamlegri snertingu ásamt fræðslu um einkastaðina. Starfsmenn séu alltaf til staðar og börn ekki eftirlitslaus í inni- og útileikjum.</p>	<p>Leikskólastjóri aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar og annað starfsfólk</p>	<p>Farið yfir og minnt á lesefni a.m.k að hausti og vori</p>
---	---	--	--

- Foreldrar Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Foreldrar af báðum kynjum hafi sömu tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu.</p> <p>Hvetja foreldra til þátttöku í viðburðum leikskólans og hafa góðar skráningar úr starfinu til að auðvelda þeim að fylgjast með.</p> <p>Beina skal samskiptum, upplýsingum og skilaboðum að foreldrum hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.</p> <p>Gefa foreldrum dagleg tækifæri til að spjalla við starfsfólk.</p>	<p>Gera alltaf ráð fyrir að foreldrar eru ekki allir gagnkynhneigðir. Ræða um og vinna með ólík fjölskylduform í leikskólastarfinu.</p> <p>Spyrja foreldra hvort þeir vilji hafa annað/aðra/annan ofar á hringilista. Ef þeir vilja það ekki, gæta þess þá að hringja ekki alltaf í móður ef eitthvað er að.</p> <p>Hvetja feður til þátttöku í foreldrafélagi og foreldraráði og viðburðum leikskólans.</p> <p>Þegar öryggisblað barnsins er fyllt út í byrjun leikskólagöngu er mikilvægt að fá upplýsingar hjá foreldrum um hvernig þeir vilja haga samskiptum.</p> <p>Nýta tímann til gagnkvæmra upplýsinga þegar börnin koma og eru sótt.</p>	<p>Stjórnendur og deildarstjórar</p>	<p>Við innritun barna í leikskólann og í daglegum samskiptum.</p> <p>Í öllum daglegum samskiptum við foreldra barnsins. Upplýsingar frá deild og skóla eru sendar til beggja foreldra í tölvupósti eða á heimasíðu leikskólans.</p>

Dæmi um lesefni fyrir börnin:

„Petta er líkami minn“ ;Barnaheill

„Kroppurinn er kraftaverk“ Sigrún Daníelsdóttir

„Þegar Friðrik var Fríða, þegar Rósa var Ragnar“

Fyrir starfsfólk: „Nú skal segja“ Próunarverkefni um jafnrétti kynjanna í leikskólanum Geislabaugi Reykjavík

„Kynferðisleg hegðun barna, hvað er viðeigandi?“. Barnahús